

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
b/t Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 8. júlí 2019  
UST201906-212/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Frá Haki að Leirum í Þjóðgarðinum á Þingvöllum - Bláskógbabyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum, frá Haki að Leirum í Bláskógbabyggð.

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið nær til vesturhluta þjóðgarðsins á Þingvöllum, þar sem er meginákomusvæði ferðamanna, þinghelgin og tilheyrandi þjónustusvæði frá Haki að Leirum. Skipulagssvæðið er alls 4,2 km<sup>2</sup> að stærð.

Auk þess kemur fram að vegna aukinnar ásóknar ferðamanna er þörf á að bæta aðstöðu gesta á svæðinu. Forsendur hvað varðar fjölda gesta til Þingvalla og aðstöðu sem móttaka þeirra krefst hefur gerþreyst undanfarin ár. Vegna þess er nú m.a. talin þörf á að skipuleggja nánar þau svæði þjóðgarðsins sem er undir mestu á lagi og ágangi gesta.

#### **Forsendor og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver séu áætluð þolmörk þjóðgarðsins út frá gróðurfari, náttúru, jarðmyndunum, ásýnd, o.s.frv. og hver sé ákjósanlegur fjöldi ferðamanna sem geta heimsótt garðinn á hverjum tíma. Bent er á í því samhengi að Umhverfisstofnun hefur útbúið verkfæri sem hönnuð eru til að leggja mat á ástand svæða sem eru undir á lagi vegna gestasóknar. Leggur stofnunin til að Þjóðgarðurinn nýti verkfærið til að kanna hvort þolmörkum einstakra svæða sé náð.

### **Umhverfisviðmið**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þar sem fjölmörg svæði innan þjóðgarðsins falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er mikilvægt að ákvæðið sé notað sem mælikvarði áhrifa sem tillagan geti haft í för með sér.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

### **Valkostir**

Í kafla 4.1.6 í greinargerð segir að söluskáli og veitingaaðstaða fyrir ferðafólk færist frá Leirum og yfir á mannvirkjasvæði A2 og í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er búið að gera ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði (VP2) sem nefnist Snókagjá.

Í kafla 7.5 í greinargerð eru fjórir staðsetningarmöguleikar fyrir mannvirkjasvæði eða framtíðar þjónustumiðstöð þjóðgarðsins sem gert er ráð fyrir að geti þróist í samræmi við þarfir þjóðgarðsins fyrir aðstöðu til að taka á móti gestum.

Umhverfisstofnun bendir á að kostir þrjú og fjögur er tiltölulega óröskuð svæði sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillöggunni ef þessir staðir verða fyrir valinu hvað þeir hafa umfram þau svæðið sem eru þegar röskuð, Hakið og Leirur. En í greinargerð segir að í þessari stefnu er lögð áhersla á frekari skipulagningu og vöktun til þess að nýta megi betur þá innviði og aðstöðu sem fyrir er og útvíkka þessa þætti án þess að meira sé gengið á náttúruna en þegar er orðið.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Auk þess bendir Umhverfisstofn á að í 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, segir um frárennsli og fráveitur að við hreinsun skólps frá íbúðarhúsum, frístundahúsum og húsnæði tengdum ferðajónustu skal beita ítarlegri hreinsun en tveggja þepa hreinsun, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað sé vel að fráveitumálum innan þjóðgarðsins þar sem mikill fjöldi ferðamanna sem heimsækir svæðið. Auk þess er það mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að meta sammögnunaráhrif fráveitu á svæðinu og áhrif hennar á Þingvallavatn þar sem fjölmargir sumarbústaðir eru við vatnið.

Umhverfisstofnun bendir á að í valkostagreiningu er mikilvægt að það komi fram hvaða fráveitukostir verða fyrir valinu fyrir hvern valkost fyrir sig.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur